

Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna

Leiðbeiningar Barna- og fjölskyldustofu um upphaf sambættingar og aðgengi að tengilið

Meginmarkmið og grundvallaratriði

- Heildræn nálgun á samvinnu kerfa sem þjónusta börn og fjölskyldur þeirra
- Aðgangur að þjónustu við hæfi án hindrana
- Skilvirkni og einföld framkvæmd út frá sjónarhorni foreldra og barns
- Virða rétt og skyldur foreldra til ákvarðanatöku um uppeldi barna sinna, þátttöku og valdeflingar
- Réttur barna til að tjá sig og réttmætt tillit sé tekið til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska
- Lög um sambættingu þjónustu höfð til hliðsjónar við túlkun annarra laga er varða þjónustu við börn
- Lög um sambættingu þjónustu leggja upp með tiltekið form fyrir samtarf

Forsendur sambættingar

1. Þjónustuveitendur (þjónusta innan ríkis eða sveitarfélags) eða sá sem veitir almenna þjónustu í þágu farsældar barns (íþróttafélög og annarskonar tólmstundir) taka eftir eða greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti. Þeim ber að veita foreldrum og eftir atvikum barni leiðbeiningar um sambættingu þjónustu.
2. Foreldrar og eftir atvikum barn setja fram **beiðni um miðlun tiltekinna upplýsinga** til tengiliðar í nærumhverfi barnsins. Beiðnin er skrifleg og undirrituð af foreldri og eftir atvikum barni. (eyðublað 1 – miðlun upplýsinga)
3. Foreldrar og eftir atvikum barn geta ávallt leitað sjálf til tengiliðar í nærumhverfi barnsins og óskað eftir sambættri þjónustu. Í því ljósi verða upplýsingar um tengiliði að vera aðgengilegar fyrir foreldra og börn á hverjum stað.
4. Mikilvægt er að leik-, grunn-, og framhaldsskólar sem og heilsugæslustöðvar eða aðrar heilbrigðisstofnanir útnefni tengiliði og komi á framfæri upplýsingum um hvernig unnt sé að komast í samband við tengiliði á hverjum stað.
5. Tengiliður veitir foreldrum og barni upplýsingar um sambættingu þjónustu og leggur mat á beiðni um sambættingu. Foreldrar og barn nálgast eyðublað um **beiðni um sambættingu** (eyðublað 2) hjá tengilið. Það er svo tengiliður sem metur þörf barnsins fyrir þjónustu og hvort sé þörf á að barnið fái málstjóra sem eftir atvikum setur saman stuðningsteymi.
6. Tengiliðir og málstjórar halda utan um skráningu á beiðnum um miðlun tiltekinna upplýsinga og beiðnum um sambættingu. Gögn þarf að vista í skráningarkerfi á vinnustað tengiliðar og/eða málstjóra hjá ríki eða sveitarfélagi eða einkaaðila sem starfar á grundvelli samnings við ríkið eða sveitarfélag. Huga þarf að því að skráning gagna sem verða til við sambættingu þjónustu sé með þeim hætti að auðvelt sé að ná í tölulegar upplýsingar um fjölda mála sem komið hafa til vinnslu hjá tengilið og/eða málstjóra.
7. Ekki er gert ráð fyrir að teymi sé utan um starf og verkefni tengiliðar en tengiliður getur tekið sæti í stuðningsteymi á seinni stigum.

Rafræn umsóknarkerfi

Barna- og fjölskyldurstofa hvetur þau sveitarfélög sem nú þegar notast við rafræn umsóknarkerfi fyrir íbúa sveitarfélagsins til þess að nýta slíka lausn fyrir beiðni um miðlun á upplýsingum og beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Með þeim hætti verður þjónustan aðgengileg foreldrum og eftir atvikum börnum.

Vinnsla persónuupplýsinga

Öll vinnsla persónuupplýsinga vegna samþættingar á þjónustu er aðeins heimil eftir að foreldrar og eftir atvikum barn hafa sett fram beiðni þess efnis á þar til gerðum eyðublöðum. Þau eyðublöð sem Barna- og fjölskyldustofa hefur sett fram eru fyrst og fremst unnin út frá efnislegum kröfum sem gerðar eru í lögum. Hverju sveitarfélagi er frjálst að setja upp eyðublað í því formi sem það kýs.

Tilkynningarskylda til barnaverndarnefnda

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna koma ekki í stað lögbundinnar tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda. Hafa þarf í huga að sumar upplýsingar um aðstæður barns eru með þeim hætti að mikilvægt er að tilkynna þær strax til barnaverndarnefnda. Leiðbeiningar til foreldra um tengiliði og miðlun upplýsinga til tengiliða leysa tilkynningarskylduna ekki af hólmi.

Frekari upplýsingar

Barna- og fjölskyldustofa hvetur alla þá sem koma að samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna að leita eftir ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingum hjá stofunni.